



HRUNAMANNAHREPPUR

27. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 8. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. ÁGÚST 2016

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 11. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Valdís Magnúsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Jaðar II.
2. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Hvítárdal.
3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fyrirspurn
4. Velferðarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um frumvarpsdrög varðandi málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga.
5. Forsætisráðuneytið: Tillaga að eigendastefnu fyrir Þjóðlendur.
6. Umhverfisstofnun: Stjórnunar og verndaráætlun fyrir Gullfoss. Auglýsing.
7. Landvernd: Byggingarleyfi í Kerlingarfjöllum.
8. Skipulagsstofnun: Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
9. Umhverfisstofnun: Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum.
10. Fjárhagskerfi sveitarfélagsins.
11. Heimasíður sveitarfélagsins.
12. Breytingar í nefndum, stjórnnum og ráðum Hrunamannahrepps.
13. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar frá 26. júlí s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

15. Fundargerð 114. fundar skipulagsnefndar frá 12. júlí s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. júní s.l.
Mál nr. 21: Ásgarður: Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
Mál nr. 22: Hlið í frístundahúshverfum.
Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
16. Fundargerð 115. fundar skipulagsnefndar frá 8. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 16. júlí s.l.
Mál nr. 1: Eigendastefna fyrir Þjóðlendur.
Mál nr. 2: Ásgarður. Umsókn um byggingarleyfi.
Mál nr. 3: Jaðar 1: Nýbygging sumarhúss. Aðalskipulagsbreyting.
Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
17. NOS: Fundargerð 9. fundar frá 28. júní s.l.
18. Skólapijónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 15. fundar frá 28. júní s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 157. fundar stjórnar frá 10. júní s.l.

Kynningarmál:

- b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 841. fundar stjórnar frá 24. júní s.l.
- c. Samband íslenskra sveitarfélaga: Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samantekt um svör frá sveitarfélögum um löggæslukostnað á bæjarhátíðum.
- e. Yfirfasteignamatsnefnd: Úrskurður.
- f. Forsætisráðuneytið: Eignarheimildir Hrunaheiða, breyting.
- g. Orkusjóður: Styrkir til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla.

- h. Pósturinn: Skert dreifingarþjónusta Íslandspósts í dreifbýli.
- i. Vegagerðin: Svar úthlutun úr styrkvegasjóði.
- j. Íbúðalánasjóður: Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir.

Fundir framundan:

- k. Landsfundur jafnréttisnefnda 2016 þann 16. september nk. á Akureyri.

Skýrslur á skrifstofu:

- l. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga: Ársskýrsla.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Jaðar II.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi gististaðar í eldra íbúðarhúsi að Jaðri II. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti en óskar eftir afriti af rekstrarleyfi þegar það er gefið út.
2. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Hvítárdal.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi gististaðar í Hvítárdal. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti en óskar eftir afriti af rekstrarleyfi þegar það er gefið út.
3. **Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fyrirspurn**
Oddviti kynnti bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna mikilla fjárfestinga. Sveitarstjórn mun í framtíðinni gæta betur að ákvæðum 66. gr. sveitarstjórnarlaga ef til ákvörðunar kemur um fjárfestingu sem er nærri viðmiðun greinarinnar.
4. **Velferðarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um frumvarpsdrög varðandi málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarráðuneytinu um tillögu til þingsályktunar varðandi málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga. Sveitarstjórn vísar málinu til skólaþjónustu- og velferðarnefndar.
5. **Forsætisráðuneytið: Tillaga að eigendastefnu fyrir Þjóðlendum.**
Oddviti kynnti tillögu forsætisráðuneytisins að eigendastefnu fyrir Þjóðlendum.
6. **Umhverfisstofnun: Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Gullfoss. Auglýsing.**
Oddviti kynnti drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Gullfoss. Sveitarstjórn bendir á að Gullfoss er til helminga í sveitarfélaginu Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn telur því að sveitarfélagið og landeigendur austan árinna eigi að vera aðilar að slíkri áætlun. Stóraukinn ferðamannastraumur er austan megin árinna, bæði gangandi fólk og umferð bifreiða að bílastæði við gönguleið að fossinum. Eðlilegt er og sanngjarnt að farið verði samhliða í aðgerðir til að vernda umhverfi og öryggi þeirra ferðamanna sem skoða fossinn austan megin árinna. Sveitarstjórn krefst því að Hrunamannahreppur verði aðili að stjórnunar og verndaráætlun fyrir friðlandið Gullfoss.
7. **Landvernd: Byggingarleyfi í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti erindi frá Landvernd vegna útgáfu byggingaleyfis fyrir fyrsta áfanga hótels í Kerlingarfjöllum í kjölfar úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi umhverfismat framkvæmda. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar sveitarstjórnar en jafnframt að fela oddvita að boða í millitíðinni til fundar með Landvernd og Fannborg ehf til að ræða stöðu málsins.
8. **Skipulagsstofnun: Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnuar vegna tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032. Sveitarstjórn felur oddvita að boða til fundar með skipulagsfulltrúa, skipulagsráðgjöfum og Skipulagsstofnun til að fara yfir fram komnar athugasemdir og ábendingar.
9. **Umhverfisstofnun: Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti drög að friðlýsingarskilmálum vegna Kerlingarfjalla. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og felur oddvita að boða til fundar með Umhverfisstofnun um framhaldið.

10. **Fjárhagskerfi sveitarfélagsins.**

Oddviti kynnti að fyrirhugað er að leggja niður það fjárhagskerfi sem Hrunamannahreppur notar og þarf sveitarfélagið að huga að nýju kerfi. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og skrifstofustjóra að semja við nýja aðila um nýtt fjárhagskerfi fyrir sveitarfélagið.

11. **Heimasíður sveitarfélagsins.**

Oddviti kynnti tilboð sem borist hefur í að breyta heimasíðum sem eru á vegum sveitarfélagsins í WordPress. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að semja við TRS um hýsingu og breytingu á heimasíðum sveitarfélagsins.

12. **Breytingar í nefndum, stjórnnum og ráðum Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti breytingar sem þarf að gera í nefndum, stjórnnum og ráðum Hrunamannahrepps þar sem Ragnar Magnússon lét af störfum í sveitarstjórn og Halldóra Hjörleifsdóttir tók við oddvitastarfinu. Tillagan er eftirfarandi.

Veitustjórn:

Sigurður Sigurjónsson tekur sæti sem aðalmaður í stað Halldóru Hjörleifsdóttur og nýr varamaður verður Elsa Ingjaldsdóttir.

Yfirstjórn sameiginlegar skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS).

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir

Skipulagsnefnd Uppsveita:

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Unnsteinn Logi Eggertsson.

Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Unnsteinn Logi Eggertsson.

Héraðsnefnd Árnesinga:

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Unnsteinn Logi Eggertsson.

Almannavarnarnefnd Árnessýslu:

Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu:

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Unnsteinn Logi Eggertsson.

Landsþing Sambands Íslenskra sveitafélaga:

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Unnsteinn Logi Eggertsson.

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.

Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreindar tillögur um aðal- og varamenn í stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélagsins.

13. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 8. september nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar frá 26. júlí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar landbúnaðarnefndar. Þar fjallað um breytingu á fyrirkomulagi smölunar á Hrunamannaafretti, farið yfir niðurröðun fjallskila, rætt um breytingar á safngerði við Hrunaréttir og beitarástand safngerðis í Tungufellsdal. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

15. Fundargerð 114. fundar skipulagsnefndar frá 12. júlí s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29.júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 114. fundar skipulagsnefndar frá 12. júlí s.l. Afgreiðslur einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 21: Ásgarður: Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Lagður var fram til kynningar úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. júní 2016 varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að 1. áfangi í uppbyggingu hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum skuli ekki háður umhverfismati.

Mál nr. 22: Hlið í frístundahúsaahverfum.

Lagt fram til kynningar

Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. júní s.l.

16. Fundargerð 115. fundar skipulagsnefndar frá 8. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 16. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 115. fundar skipulagsnefndar frá 8. ágúst s.l. Afgreiðslur einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 1: Eigendastefna fyrir Þjóðlendur.

Lögð var fram til kynningar drög að eingendastefnu fyrir Þjóðlendur sem unnin er af Forsætisráðuneytinu.

Mál nr. 2: Ásgarður. Umsókn um byggingarleyfi.

Lagt var fram erindi frá Landvernd þar sem farið var fram á afturköllun ákvörðunar um að gefa út byggingarleyfi fyrir hóteli við Ásgarð í Kerlingarfjöllum með vísan til niðurstöðu úrskurðarnefndar. Sveitarstjórn tók málið fyrir undir lið 7.

Mál nr. 3: Jaðar 1: Nýbygging sumarhúss. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsögn Skipulagsstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem felur í sér að jarðirnar Jaðar I og Jaðar II verði skilgreindar sem landbúnaðarsvæði í stað þess að vera óbyggt svæði að hluta. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu skipulagsnefndar að vísa málinu til endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 16. júlí s.l.

17. NOS: Fundargerð 9. fundar frá 28. júní s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 9. fundar NOS. Þar var farið yfir ársreikning 2015, húsnæðismál kynnt fyrir fundarmönnum og rætt um framtíðaraðsstöðu, farið yfir stöðu málaflokka og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

18. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 15. fundar frá 28. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um ráðningu starfsmanna, lagt fram til kynningar niðurstöður úr hljómi 2 hjá leikskólabörnum og niðurstöður úr könnunar um líðan og heilbrigði nemenda í 5. bekk. Kynnt var hverjir fengu styrki úr endurmenntunarsjóði grunnskóla og lagt fram yfirlit fjárhagsaðstoðar tímabilið janúar-júní 2016. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 157. fundar stjórnar frá 10. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 841. fundar stjórnar frá 24. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Samband íslenskra sveitarfélaga: Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum.

Lagt fram til kynningar.

d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samantekt um svör frá sveitarfélögum um löggæslukostnað á bæjarhátíðum.

Lagt fram til kynningar.

- e. Yfirfasteignamatsnefnd: Úrskurður.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Forsætisráðuneytið: Eignarheimildir Hrunaheiða, breyting.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Orkusjóður: Styrkir til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Pósturinn: Skert dreifingarþjónusta Íslandspósts í dreifbýli.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Vegagerðin: Svar úthlutun úr styrkvegaskjóði.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Íbúðalánasjóður: Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- k. Landsfundur jafnréttisnefnda 2016 þann 16. september nk. á Akureyri.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- l. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga: Ársskýrsla.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.30.